



UMHVERFISSTOFNUN

Landvarðanámskeið 2015

Umhverfisstofnun auglýsir námskeið í landvörslu sem hefst 12. febrúar og lýkur 8. mars. Þátttaka í námskeiðinu veitir landvarðaréttindi en þau veita forgang til starfa í landvörslu. Námskeiðsgjald er kr. 155.000 og innfalið í því eru námskeiðsgögn og námsferð með gistingu og upphaldi. Vakin er athygli á þátttöku ýmissa stéttarfélaganna í námskeiðsgjaldi. Kennt er um helgar og á kvöldin á virkum dögum og fer kennsla fram í Reykjavík. Námskeiðið er einnig boðið í fjarnámi, utan tvær staðarlotur sem nemendur þurfa að mæta á.

Dagskrá námskeiðsins og allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu stofnunarinnar www.ust.is

Nánari upplýsingar um störf landvarða og námskeiðsfyrirkomulag veitir Davíð í síma 822-4039 eða david.hansson@ust.is

Námskeiðið spannar tæpar 100 klst. og megin umfjöllunarefni er:

- Landverðir, helstu störf
- Náttúruvernd og stjórnsýsla náttúruverndarmála
- Verðmæti friðlýstra svæða, náttúra, menning og saga
- Gestir friðlýstra svæða, þjónusta, samskipti og hagsmunaaðilar
- Náttúrutúlkun, fræðsla á friðlýstum svæðum
- Vinnustaður landvarða
- Öryggisfræðsla
- Verndaráætlanir, mat á gildi verndarsvæða

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

4. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 28. jan. 2015

Afmælisbörn dagana 29. jan. — 4. feb. 2015

29. Daniel Ingi Halldórsson, Gústaf Jóhannsson, Margrét Halla Lúðvíksdóttir, Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir.
31. Ragnheiður Jóna Grétarsdóttir Leví.
2. Eygló Karlsdóttir, Jón Brynjar Gústafsson.
3. Lára Ingvarsdóttir.
4. Heiðbjört Einarsdóttir, Hulda Björk Marteinsdóttir.

Frá Gjallanda.

Mínum áhugafólk um bókmenntir á spennandi lestrarsyrpu undir stjórn Ástu Kristínar sem hefst á mánudaginn næsta (2. febrúar).

Allar nánari upplýsingar á www.gjallandi.is.

Kveðja, stjórnin



Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



Góðan daginn!

Nú ætlar Mývetningur að bjóða upp á Henson íþróttagalla. Þeir eru svipaðir þeim sem voru seldir fyrir nokkrum árum, svartir og appelsínugulir.

Verðið fyrir gallana verður hóflegt, barnagallar (st 68-158cm) 6.000 kr. fullorðinsgallar (st 164/xs og upp úr) 8.000 kr.

Mátun verður í íþróttahúsinu sem hér segir, fimmtudaginn 29. jan. kl. 15:20 - 17:00
föstudaginn 30. jan. kl. 14:00 - 15:00
laugardaginn 31. jan. kl. 13:00 - 15:00

Ef þessir tímar henta ekki eða þið viljið bara panta beint án þess að máta, hafið þá samband við Soffiú (soffiakb@gmail.com)

Stjórn Mývetnings,
Ólöf Þuríður, Hrefna, Soffía, Bjössi og Jón Óskar

Vísukorn og ljóð
Heiða Jónsd

HVAÐ ER LÍFIÐ ?

Lífið er.... gjöf ----- Sem við... eigum að virða...
Lífið er.... ævintýri----- Sem við... tökum þátt í...
Lífið er.... ráðgáta -----Sem við...lærum af...
Lífið er.... púsluspil----- Sem við... eigum að leysa
Lífið er....leikur ----- Sem við... njótum...
Lífið er.... mótlæti ----- Sem við...tökumst á við...
Lífið er.... tækifæri----- Sem við...eigum að grípa...
Lífið er.... yndislegt-----Sem við...eigum að umvefja

MEÐ BROSÍ

....Okkur var gefið þetta líf til að njóta þess....

SVO LIFUM ÞVÍ LIFANDI

